

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2019

Efni: Umsögn send í gegnum Samráðsgátt vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Fyrir hönd Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) vill undirritaður koma eftirfarandi á framfæri.

Undirstöðuatvinnuvegur íslensku þjóðarinnar hefur verið íslenskur sjávarútvegur. Helstu útflutningsvörur okkar eru og hafa jafnframt verið íslenskar sjávarafurðir. Stærstu viðskiptalönd með þær er flest að finna innan Evrópusambandsins.


Vegna tafa á frágangi laga og reglna um innflutning á ferskum dýraafurðum til landsins hefur verið uppi óþægileg staða eða jafnvel óvissa um okkar eigin útflutning á ferskum dýraafurðum, fyrst og fremst ferskum sjávarafurðum.

Fyrir liggur að á sínum tíma var samið um upptöku matvælalöggjafar Evrópusambandsins í EES-samninginn bæði hvað varðar búvörur og sjávarafurðir, fyrst og fremst til að tryggja útflutningshagsmuni. Að íslenskar sjávarafurðir myndu ekki sæta heilbrigðiseftirliti á landamærum ESB með tilheyrandi töfum og kostnaði. Það gengur aldrei til lengdar að ætlast til þess að viðskiptalönd okkar treysti okkar matvælaeftirliti og hleypi vörum okkar í gegn án landamæraeftirlits en gera aðrar kröfur til þeirra útflutningsvara við innflutning til Íslands.

SFÚ fagnar því framkomnu frumvarpi og telur að nauðsynlegt sé að tryggja stöðu og afkomu íslensks atvinnulífs af útflutningi ferskra dýraafurða þ.e. sjávarafurða. Mesta tekju- og magnaukning í útflutningi sjávarafurða hefur einmitt verið í ferskum afurðum og áhrif sjávarútvegs á þjóðarhag ráðast sífellt meir af útflutningi á ferskum afurðum. Þessi þróun hefði ekki átt sér stað ef Ísland hefði ekki notið hindrunarlauss aðgangs, án heilbrigðiseftirlits á landamærum, að Evrópumarkaðnum.

SFÚ vill jafnframt koma á framfæri að erfitt eða ómögulegt sé að leggja verðmat á áhrif frumvarpsins. Fyrir liggir þó að gríðarlegt verðmætatap yrði af því að sú staða kæmi upp að ekki væri mögulegt að flytja eða selja ferskar sjávarafurðir til Evrópu. Í grein 7.2 í greinargerð frumvarpsdraganna bls. 32-33 er talað um kostnað að fjárhæð 4.200 milljóna. Félagið telur þann kostnað stórkostlega vanmetinn eða í besta falli ekki taka tillit til þess verðmætataps sem yrði ef ekki væri lengur mögulegt að selja ferskar afurðir heldur einungis frosnar.

SFÚ gerir engar sérstakar athugasemdir eða breytingartillögur við frumvarpsdrögin, en leggur til að frumvarp samhljóða þeim verði lagt fram á Alþingi sem allra fyrst, þannig að Ísland uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum og eyða megi þeirri óvissu um útflutningshagsmuni sjávarútvegsins sem verið hefur uppi undanfarin ár.



Arnar Atlason formaður Samtaka Fiskframleiðenda og Útflytjenda